

## Fundargerð

### Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 12. janúar 2022.

Staður: Haldinn á Teams.

Hófst kl.16.30 og lauk kl.17.55.

Mættir: Hrafnkell Marínósson, Magnús Gunnarsson, Ragnar Hilmarsson, Viðar Halldórsson, Anna Lilja Sigurðardóttir, Arnfríður Kristín Arnardóttir, Sýlvía Ósk Speight og Már Sveinbjörnsson. Forföll: Aðalbjörg Óladóttir.

### Dagskrá:

#### 1. Skammstöfun BFH

ÍBH ritaði Blakfélagi Hafnarfjarðar bréf þann 6.12.2021, þar sem félagið var beðið um að velja sér aðra skammstöfun og lagfæra merki félagsins og önnur gögn með þessari skammstöfun. Annað íþróttafélag innan ÍBH, Brettafélag Hafnarfjarðar er búið að vera með þessa skammstöfun frá árinu 2011.

#### 2. Formannafundur ÍSÍ 8. desember 2021

Formaður ÍBH fór yfir það helsta á fundinum.

#### 3. Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar 2021

Fór fram 28. desember 2021 í streymi á Facebooksíðu Hafnarfjarðarbæjar. Umræður um hátíðina.

#### 4. Sjóður til að auka virkni og þátttöku barna með fatlanir í Hafnarfirði í íþrótt- og tómstundastarfi

Reglur fyrir sjóðinn 2022 lagðar fram til kynningar, engar athugasemdir við þær.

#### 5. Sérstakur sjóður sem styður við þátttöku erlendra barna í íþrótt- og tómstundastarf - skýrsla fyrir 2021

Skýrsla um sjóðinn fyrir árið 2021, lögð fram til kynningar og umræðna.

#### 6. Samningur milli ÍBH, Rio Tinto og Hafnarfjarðarkaupstaðar 2022-2024 – jafnréttisviðurkenning

Í nýjum samningi sem gildir frá árinu 2022 breytist jafnréttishvati í jafnréttisviðurkenningu. Félög þurfa nú að sækja sérstaklega um jafnréttisviðurkenninguna í fyrri úthlutun styrkja. Fjögurra manna nefnd fer yfir umsóknir. Vekja þarf athygli aðildarfélaga ÍBH á þessari breytingu í byrjun árs með bréfi. Umræður um þessa breytingu og innihald bréfsins.

#### 7. Aðildarumsókn að ÍBH

Sambo 80 sendi ÍBH aðildarumsókn í október síðast liðinn. Ekki var hægt að taka hana fyrir þá, vegna þess að ÍSÍ hafði ekki viðurkennt íþróttagreinina sambo. ÍBH hafði samband við ÍSÍ vegna málsins. 28. desember 2021 barst ÍBH bréf frá ÍSÍ þess efnis að ÍSÍ væri búið að viðurkenna íþróttagreinina sambo. Aðildarumsókn Sambo 80

ásamt fylgigögnum var því tekin fyrir að nýju og samþykkt. Ákveðið var að hafa inntökugjald kr. 50.000.

## **8. Önnur mál**

a). MG lýsti yfir áhyggjum vegna erfiðrar fjárhagsumgjörðar sem félögin eru komin í vegna langvarandi samkomutakmarkanna og sóttvarnarráðstafanna.

b). SÓS sagði frá því að Leo Anthony Speight taewondomaður Fimleikafélaginu Björk væri kominn í breska landsliðið í taekwondo og væri farinn að æfa og keppa í afreksíþróttumhverfi Bretanna. Stjórn ÍBH óskar honum og félaginu innilega til hamingju.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.